

Nd.

677. Frumvarp til laga

um mótórvélar í fiskiskip og varahlutabirgðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fiskiskipa og báta, stórra og smárra, sem sigla undir íslenskum fána og merkt eru sem fiskiskip.

2. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins, selja eða smíða innanlands mótórvélar til notkunar í fiskiskip, nema þær uppfylli þau skilyrði, sem atvinnumálaráðherra setur um gerð og smíði vélanna og annað, er lýtur að sölu þeirra. Sama gildir um mótórvélar í fiskiskip, sem keypt eru til landsins, ný eða notuð, eða settar eru í íslensk fiskiskip erlendis.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem flytur inn eða selur mótórvélar í fiskiskip, að hafa ávallt fyrirbyggjandi í landinu nægar birgðir af varahlutum í þær vélar, er hann flytur inn eða selur eftir gildistöku laga þessara.

4. gr.

Í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, skal ákveða, hverjar gerðir mótórvéla sé heimilt að nota í fiskiskip, svo og um magn og tegundir varahlutabirgða og annað, er lýtur að framkvæmd þessara laga. Reglugerðin skal samin eftir tillögum Fiskifélags Íslands og skipaskoðunar ríkisins.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 20000 kr., og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því fyrst er tekið var að nota mótórvélar í fiskiskip hér á landi, hefur það verið eitt af meginvandamálum vélskipaútgerðarinnar, hvernig unnt væri að fá heppi-
legar vélar í skipin.

Innanlands hafa engar mótórvélar verið framleiddar, og hefur því orðið að flytja allar slíkar vélar inn frá öðrum löndum.

Hefur þetta óhjákvæmilega valdið því, að val á vélunum hefur verið nokkrum erfiðleikum bundið og eigi ávallt tekizt svo vel sem skyldi.

Þetta hefur aftur leitt til þess, að fjöldi vélategunda hefur orðið óeðlilega mikill. Hafa skapazt af því oft og löngum hin mestu vandræði, með því að mjög hefur skort á, að nægar birgðir varahluta væru ávallt fyrirbyggjandi í allan þann fjölda vélategunda, sem í notkun hafa verið á hverjum tíma.

Í lok síðasta árs mun tala vélategundanna í þiljuðum fiskibátum einum saman hafa verið 54, en ef teknir væru með allir opnir bátar, mundi talan hækka verulega, en um það eru ekki til tæmandi upplýsingar. Er öllum þeim, sem þessi mál þekkja,

